

Héraðsdómur Vesturlands



D Ó M U R

5. mars 2026

Mál nr. S-65/2025

Lögrelustjórinn á Vesturlandi
(*Emil Sigurðsson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X

(*Sveinn Guðmundsson lögmaður, verjandi ákærða*)
(*Heiða Björg Pálmadóttir lögmaður, réttargæslumaður brotaþola*)

Snorri Örn Clausen aðstoðarmaður dómara

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 5. mars 2026

1. Mál þetta, sem dómtekið var 5. febrúar sl. er höfðað með ákæru útgefinni af lögreglustjóranum á Vesturlandi 10. febrúar 2025, á hendur [X...], kt. ..., ...,
2. Í ákæruskjali segir að málið sé höfðað gegn ákærða:

“fyrir brot gegn barnaverndarlögum og líkamsárás með því að hafa laugardaginn ... 2024, í húsinu ... á ... í ..., slegið [A...], kt. ..., með belti í læri hennar og með þessu jafnframt sýnt af sér ósiðlegt og ruddalegt athæfi gagnvart stúlkunni.

Telst þetta varða við 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

3. Þá er í ákæruskjali tekin upp einkaréttarkrafa með svofelldum hætti:

„Einkaréttarkrafa:

Í málinu hefur [A...], kt. ..., gert kröfu um að ákærði verði dæmdur til að greiða henni 1.500.000 kr. í miskabætur auk vaxta skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 30. apríl 2024 og þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. sbr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.“

4. Aðstoðarmaður dómara tók við meðferð málsins 3. nóvember 2025 en hafði fram að því engin afskipti haft af meðferð þess. Málinu var frestað ítrekað utan réttar vegna lögmætra forfalla verjanda ákærða.
5. Í þinghaldi 5. febrúar sl. greindi réttargæslumaður brotaþola frá því að fallið hefði verið frá bótakröfu í málinu en gerði kröfu um þóknun sér til handa.
6. Ákærði hefur játað skýlaust fyrir dómi þá háttsemi sem honum er gefið að sök samkvæmt ákæru. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um

þá háttsemi sem honum er gefin að sök og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

7. Farið var með mál þetta samkvæmt 164. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu þegar sækjandi, verjanda ákærða og ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.
8. Ákærvaldið gerir sömu kröfur og greinir í ákæru en bendir á að virða megi það ákærða til refsilækkunar að hann hafi mætt og játað sök og sýnt iðrun, þá sé ákærði með hreint sakavottorð og metur ákærvaldið það svo að í málinu séu jafnvel skilyrði til að ákvörðun refsingar verði frestað skilorðsbundið.
9. Verjandi ákærða krefst þess að ákærða verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Þá krefst verjandi þóknunar sér til handa, sem greiðist úr ríkissjóði. Verjandi reifaði refsisjónarmið og fór yfir refsilækkunarástæður. Þá kvaðst ákærði iðrast brota sinna.
10. Ákærði sem er fæddur 1986 hefur samkvæmt framlögðu sakavottorði dagsett 17. febrúar 2025 ekki sætt refsingu áður og horfir það honum til málsbóta, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Undir meðferð málsins játaði ákærði brot sín skýlaust fyrir dómi og lýsti iðrun sinni. Horfir það honum til refsimildunar, sbr. 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
11. Hins vegar verður ekki hjá því litið að brotið var framið á sameiginlegu heimili brotþola og ákærða, en heimili á að vera gríðastaður þeirra sem þar búa og standa skyldur ákærða m.a. til þess að svo geti verið. Þá eiga börn að njóta verndar og umönnunar af hálfu foreldra og ber foreldrum að sýna börnum sínum umhyggju og virðingu og vernda þau gegn ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 2. og 3. mgr. 28. gr. barnalaga nr. 76/2003. Gegn þessum mikilvægu skyldum braut ákærði.
12. Sömu leiðis verður ekki annað séð en ákærði hafi sýnt af sér einbeittan brotavilja, en samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins sótti ákærði beltið sem hann sló brotþola með sérstaklega inn í skáp. Þá segir í 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 að hver sem beitir barn andlegum eða líkamlegum refsingum, hótunum eða ógnunum eða sýnir af sér aðra vanvirðandi háttsemi gagnvart barni skuli sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum. Við ákvörðun refsingar verður því litið til 1., 3., og 6. tölulíð 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga og refsiramma 99. gr. barnaverndarlaga. Þá verður einnig litið til 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga en brot ákærða beindist að dóttur hans.

13. Með hliðsjón af framangreindu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga, en rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.
14. Ákærði greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Sveins Guðmundssonar lögmanns, sem með vísan til reglna dómstólasýslunnar nr. 1/2026 þykir hæfilega ákveðin 350.000 krónur og þóknun réttargæslumanns brotþola, Heiðu Bjargar Pálmadóttur lögmanns sem þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af tímaskýrslu lögmannsins, 785.000 krónur. Við ákvörðun þóknunar lögmannna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Annan sakarkostnað leiddi ekki af meðferð málsins.
15. Snorri Örn Clausen aðstoðarmaður dómara kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, [X...], sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Sveins Guðmundssonar lögmanns 350.000 krónur og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Heiðu Bjargar Pálmadóttur lögmanns 785.000 krónur.

Snorri Örn Clausen